

Miðvikudaginn 22. desember 1982.

Nr. 170/1980. **Gunnar Davíð Jones**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Sigurði Stefánssyni

Margréti Lilju Guðmundsdóttur og

(Ingi Ingimundarson hrl.)

Hilmari Þór Leifssyni

(Kristinn Einarsson hrl.).

Skaðabótamál. Líkamsárás. Sátt í opinberu máli. Vanreifun. Kröfu að hluta vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1980. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér 2.028.00 krónur með 13% ársvöxtum af 2.928.00 krónum frá 28. ágúst 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 18. maí 1978, en með 19% ársvöxtum af 2.028.00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 8. desember 1982 og með áframhaldandi dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Sigurður Stefánsson og Margrét Lilja Guðmundsdóttir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefjast þau lækkunar á kröfum áfrýjanda og niðurfellingar málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hilmar Þór Leifsson krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og fram er komið í skjölum málsins, var af ákærvaldsins hálfu ekki krafist frekari aðgerða gagnvart stefnda Hilmar Þór vegna árásar þeirrar, sem áfrýjandi varð fyrir. Ríkissaksóknari heimilaði að ljúka málinu gagnvart stefndu Sigurði og Margréti Lilju með dómssátt gegn greiðslu hæfilegrar sektar og sanngjarnra skaðabóta til áfrýjanda, sem sett hafði fram bótakröfu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur stefnda Sigurði, að fjárhæð 252.808 gamlar krónur. Sátt var gerð við stefnda Sigurð í sakadómi Reykjavíkur 5. maí 1978, þar sem hann gekkst undir sektargreiðslu og samþykkti að greiða áfrýjanda 90.000 gamlar krónur, sem áfrýjandi fékk sendar í ávísun 19. maí 1978.

Stefndi Sigurður heldur því fram, að sátt sú, sem gerð var 5. maí 1978, sé bindandi fyrir áfrýjanda og geti hann ekki haft uppi frekari kröfur vegna árásarinnar.

Ekki verður talið, að sakadómarinn hafi haft heimild til að lækka bótakröfu áfrýjanda með sátt án samþykkis hans. Samkomulag varð ekki um bótakröfuna, eins og boðið er í 1. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, og er áfrýjandi því óbundinn af sáttinni.

II.

Áfrýjandi sundurliðar tjón sinn þannig:

1. Fataskemmdir	gkr.	17.000
2. Lækniskostnaður	—	6.000
3. Aksturskostnaður	—	10.000
4. Atvinnutap	—	59.808
5. Miski	—	200.000

6. Fráðregst innborgað til sakadóms Reykjavíkur		
18/5 1978	gkr.	90.000
7. Mismunur	—	202.808
Samtals	gkr. 292.808	gkr. 292.808

Um. 1.—3. Reikningar liggja fyrir um 2. lið, sem tekinn verður til greina. Engin gögn eru fyrir hinum liðunum, en hæfilegt þykir, að þeir hefðu verið teknir til greina með samtals 15.000 gömlum krónum.

Um 4. Áfrýjandi hefur sjálfur borið fyrir dómi, að hann hafi verið búinn að fá greiðslu í peningum fyrir þá veikindadaga, sem hann átti rétt á án launafrádráttar. Þrátt fyrir sérstaka áskorun lögmanns stefndu Sigurðar og Margrétar Lilju hefur áfrýjandi ekki gefið nánari skýringu á þessum kröfulið. Þykir hann svo vanreifaður, að vísa beri honum frá héraðsdómi.

Um. 5. Þegar litið er til þess, að áfrýjandi fékk greiddar skaðabætur að fjárhæð 90.000 gamlar krónur frá stefnda Sigurði þegar hinn 19. maí 1978, og haft er í huga það, sem segir um kröfuliði 1—4, þá þykir hann hafa fengið tjón sitt samkvæmt þessum kröfulið bætt með þeirri greiðslu.

Samkvæmt þessu ber að sýkna öll hin stefndu í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Framangreindum kröfulið er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu, Sigurður Stefánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Leifsson, skulu vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Gunnars Davíðs Jones.

Málskostnaður fellur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, er varðar úrlausn hans á sáttinni, sem gerð var í sakadómi Reykjavíkur 5. maí 1978, svo og á 2. kröfulið áfrýjanda.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fór fram lög-reglurannsókn vegna atburða þeirra, sem gerðust í og fyrir utan veitingahúsið Klúbbinn aðfaranótt 28. ágúst 1977, þar sem áfrýjandi hlaut þá áverka, sem hann krefur bóta fyrir í máli þessu. Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi Sigurður ber bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem áfrýjandi varð fyrir, bæði innan dyra og utan. Stefndu Margrét Lilja og Hilmar Þór komu ekki við sögu fyrr en fyrir utan veitingahúsið. Af framburðum vitna, þeirra Elíasar Bergsveins Jóhannssonar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 19. september 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 20. maí 1980, Pálmars Breiðfjörð fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 28. ágúst 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 20. maí 1980, Rafns Vídalín Helgasonar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 30. ágúst 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. maí 1970 svo og af framburði stefnda Sigurðar Stefánssonar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 28. ágúst 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. maí 1980 þykir mér nægilega sannað, að stefndu Margrét Lilja og Hilmar Þór hafi tekið þátt í árásinni á áfrýjanda ásamt stefnda Sigurði fyrir utan veitingahúsið. Eigi er unnt með vissu að aðgreina þátt hvers hinna stefndu í árásinni og þeim áverkum, sem áfrýjandi hlaut. Verður þeim því gerð óskipt skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda.

II.

Áfrýjandi sundurliðar tjón sitt þannig:

- | | |
|--------------------------|-------------|
| 1. Fataskemmdir | gkr. 17.000 |
| 2. Lækniskostnaður | — 6.000 |

3. Aksturskostnaður	gkr.	10.000
4. Atvinnutap	—	59.808
5. Miski	—	200.000
6. Greitt til sakadóms		
Reykjavíkur 18/5 1979	gkr.	90.000
7. Mismunur	—	202.808
Samtals	gkr.	292.808
	gkr.	292.808

Um 1.—3. Reikningar liggja fyrir um 2. lið, sem tekinn verður til greina. Gögn vantar að vísu fyrir hinum liðunum, en þar sem telja má þá sennilega, og þeim er í hóf stillt, verða þeir teknir til greina.

Um 4. kröfulið.

Undir þessum lið krefst áfrýjandi bóta vegna þess, að hann varð alveg óvinnufær í viku eftir árásina.

Samkvæmt vottorði frá vinnuveitanda áfrýjanda, Ýtu-tækni h/f, dagsettu 28. október 1977, kemur fram, að hann var frá vinnu vikuna 29. ágúst—4. september 1977, og allar launagreiðslur til hans féllu niður þann tíma.

Þær hefðu ella orðið 59.808 gamlar krónur.

Hér er því um tjón að ræða, sem er sennileg afleiðing af árásinni. Stefndu bera óskipt ábyrgð á tjóni þessu. Verða þau því dæmd til að bæta það óskipt, þar sem ekki verður séð, að áður gert samkomulag áfrýjanda við vinnuveitanda hans um greiðslu veikindapeninga skipti hina stefndu árásarmenn nokkru máli að lögum, enda verða þeir einungis krafðir bóta fyrir tjón þetta einu sinni.

Um 5. kröfulið.

Ég tel sannað, að stefndu hafi setið fyrir áfrýjanda, er hann kom út úr veitingahúsinu Klúbbnum. Þar beittu þau hann fólkskulegri líkamsárás og m. a. spörkuðu í hann, þar sem hann lá á jörðinni. Þegar þetta er haft í huga svo og þau meiðsli, er hann hlaut, tel ég, að miskabætur ættu að ákveðast 1.500.00 nýkrónur.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda 1.528.08 nýkrónur (þ. e. nýkrónur 170.00 +

60.00 + 100.00 + 598.08 + 1.500.00 + 900.00) auk vaxta, svo sem í dómsorði mínu greinir.

Eftir þessum málalokum verða stefndu einnig dæmd til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 9.000.00 (ný)krónur.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svofellt:

Stefndu, Sigurður Stefánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Leifsson, greiði áfrýjanda, Gunnari Davíð Jones, óskipt 1.528.08 (ný)krónur með 13% ársvöxtum af 2.428.08 (ný)krónum frá 28. ágúst 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 18. maí 1978, en með 19% ársvöxtum af 1.528.08 (ný)krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 8. desember 1982, og með áframhaldandi dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 (ný)krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 23. þ. m., hefur Gunnar Davíð Jones bfreiddarstjóri, Álfaskeiði 78, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 20. desember 1979, á hendur Sigurði Stefánssyni bifreiðarstjóra, Hringbraut 84, Reykjavík, Margréti Lilju Guðmundsdóttur húsmóður, Brávallagötu 44, Reykjavík, og Hilmar Þór Leifssyni verkamanni, Langholtsvegi 103, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta vegna líkamsárásar, að fjárhæð 202.808 kr. með 13% ársvöxtum af 292.808 kr. frá 28. ágúst 1977 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá

þeim degi til 18. maí 1978, með 19% ársvöxtum af 202.808 kr. frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. desember 1979, en með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar, 175.420 kr. til stefndu Sigurðar og Margrétar Lilju sameiginlega og sömu fjárhæðar til stefnda Hilmars Þórs.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var að skemmta sér í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 28. ágúst 1977 ásamt unnustu sinni, Hildi Eysteinsdóttur, en þar voru þá líka stefndi Sigurður og unnusta hans, Margrét Guðmundsdóttir, auk stefnda Hilmars og unnustu hans, og voru þau saman.

Þegar dansleiknum var í þann veginn að ljúka og stefnandi var á leið niður stiga í veitingahúsinu, lenti honum saman við stefnda Sigurð, er var að rífast við stúlku þar í stiganum og skamma hana, og einnig virðast þau hafa átt í einhverjum átökum. Gunnar fór að skipta sér af viðskiptum stefnda Sigurðar og stúlkunnar, og virðist hann hafa tekið á Sigurði. Í þessum átökum meiddist Gunnar við það, að fingur Sigurðar lenti í auganu á honum. Sigurði var vísað út úr húsinu, og fóru þau með honum stefnda Margrét og stefndi Hilmar. Sigurður kom þó inn í anddyrið aftur, og urðu þá enn átök milli hans og Gunnars. Gunnar heldur því fram, að Sigurður hafi slegið sig og styðst þar við gögn í málinu, en stefndi Sigurður neitar því.

Stefnandi fór út um bakdyr hússins, og urðu þar enn átök. Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi öll þrjú veist að sér og veitt sér áverka. Víst er, að þeir áttust þar við stefnandi Gunnar og stefndi Sigurður, en um þátt stefndu Margrétar og Hilmars er nokkuð óljóst eftir gögnum málsins. Svo fóru leikar, að stefnandi lá ósjálfbjarga á jörðinni, og var hann fluttur á slyshadeild Borgarsjúkrahússins í sjúkrabíl. Var hann þá með töluverða bólgu á augnlokum vinstra auga, talsverður roði var á augnslímhúð og bólga og rof í slímhúðinni, sem var saumað saman. Samkvæmt vottorði vinnuveitanda stefnanda var hann frá vinnu vikuna 29. ágúst til 4. september 1977. Allar launagreiðslur féllu niður þessa viku, en þær hefðu orðið 59.808 kr.

Lögreglurannsókn fór fram út af atviki þessu, og við það tæki-

færi lagði stefnandi fram þann 30. október 1977 bótakröfu, sem sundurliðast þannig:

Fatnaður	17.000 kr.
Lækniskostnaður	6.000 —
Aksturskostnaður	10.000 —
Vinnutap	59.808 —
Miskabætur	160.000 —

Samtals 253.808 kr.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 1978, sendi ríkissaksóknari saka-dómi Reykjavíkur endurrit lögreglusannsóknarinnar ásamt fylgi-skjölum og heimilaði, að málinu yrði lokið með dómssátt um greiðslu hæfilegrar sektar og sakarkostnaðar fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og um greiðslu sanngjarnra skaðabóta, „enda tefji ekki ágreiningur um skaðabæturnar af-greiðslu í refsipætti málsins úr hófi“.

Þann 5. maí 1978 samþykkti stefndi Sigurður að greiða 15.000 kr. í sekt til ríkissjóðs og 90.000 kr. í bætur til stefnanda. Greiðsla fór fram þann 18. maí 1978, og voru stefnanda sendar skaðabæt-urnar í bréfi sakadóms 19. maí 1978. Þann 15. desember 1978 krafði lögmaður stefnanda stefndu um bætur að fjárhæð 292.808 kr. að frádregnu því, sem greitt hafði verið, 90.000 kr., en mis-munur þessara fjárhæða, 202.808 kr., samsvarar stefnufjárhæð málsins.

Meginmálsástæða stefnanda er, að stefndu hafi valdið honum tjóni með ólögmætum og saknæmum hætti og að þeim beri þann-ig að greiða honum hæfilegar skaðabætur og miskabætur skv. 264. gr. almennra hegningarlaga. Því er haldið fram, að líta beri á sáttina einungis sem samkomulag milli ríkisvaldsins og stefndu, sem stefnandi geti ekki verið bundinn af. Af stefndu hálfu er á því byggt, að sáttin feli í sér bindandi úrlausn um fullnaðarbætur til stefnanda, og er sérstaklega vitnað til 1. mgr. 146. gr. laga um meðferð opinberra mála í því sambandi.

Er gögn málsins eru virt og einkum sáttargerðin, þykir verða að leggja til grundvallar í þessu máli, að stefndi Sigurður eigi sök á því tjóni, sem leiddi af líkamsmeiðingum þeim, sem stefn-andi varð fyrir í umrætt sinn. Varðandi þátt stefnda Hilmars Þórs og stefndu Margrétar Lilju þykir ástæða til að rekja það, sem fram kemur um það efni í gögnum málsins. Í því sambandi

þykir og rétt að gera nánari grein fyrir því, sem fram hefur komið um meiðsli stefnanda og tjón.

Samkvæmt læknisvottorðum kvartaði stefnandi um eymsli í höfði og sársauka í vinstra auga og verk í hægri síðu og í kvið, þegar hann kom á slysadeild Borgarspítalans. Fyrst á eftir telur hann sig ekkert hafa séð með skaddaða auganu. Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi í ljós marfleck á enni, þrota í nefi, blóðstorku í nös, mikið af óhreinindum í vinstra auga, rifu í slímhúð augans og bólgu og blæðingu utan á auganu og þar um kring. Einnig hafði blætt undir slímhúð augans. Vinstri kinn var bólgin og marin, varirnar sprungnar og bólgna og talsvert af storknuðu blóði í munnum. Skrámur og marfleckir voru á herðum og fleiður á höndum, skrámur og mar á brjóstakassa og kviðvegg. Eymsli reyndust á brjóstakassa, en ekki kviðarholi. Hrúfl var á mörgum stöðum á hægri læri og mikil eymsli í lærinu, hrúfl var á vinstra hné, en ekki eymsli þar að ráði. Ekki var talin ástæða til sérstakrar meðferðar vegna annarra áverka en augnáverkanna, og var stefnanda vísað til augnlæknis, en skoðun hans leiddi í ljós töluverða bólgu á augnlokum vinstra auga, en ekki mar. Talsverður roði var á augnslímhúð og bólga, einkum nefmegin. Þar greindist ca 5 cm langt rof í slímhúðinni, og gapti það talsvert. Annað var ekki athugavert við augað, og sjónin var eðlileg á báðum augum. Rofið í slímhúðinni var strax saumað saman með tveimur stökum saumum. Einnig var dreypt á augað sýkladrepandi augndropum og sjúklingnum fenginn lyfseðill fyrir slíkum dropum. Sjúklingurinn kom þrisvar til eftirlits frá 30. ágúst til 5. september. Hann var þegar með eðlilega sjón þann 30. ágúst, og 5. september var slímhúðarsárið gróið og saumar fjarlægðir.

Í gögnum málsins er að finna reikninga fyrir útlagðan læknis-kostnað að fjárhæð 5.825 kr.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi viðurkennt, að hann hafi verið búinn að fá greiðslu í peningum sem svaraði þeim veikindadögum, sem hann átti rétt á án launafrádráttar. Um fataskemmdir man hann ekki nákvæmlega og virðist ekki viss um, hvort fötin séu enn til heima hjá sér.

Stefndi Hilmar synjaði fyrir það við lögreglu og einnig hér fyrir dómi, að hann hefði verið viðriðinn slagsmálin milli Sigurðar og Gunnars.

Samkvæmt lögregluskýrslu skýrði Sigurður lögreglunni svo frá, að Hilmar hefði aðstoðað sig við að berja á Gunnari og að

Hilmar hefði tjáð sér eftir slagsmálin, að hann hefði gefið mannum nokkur „trukk“. Fyrir dóminum kannaðist Sigurður ekki við, að Hilmar hefði aðstoðað sig, og hann kvaðst ekki muna, hvort hann sagðist hafa gefið mannum nokkur „trukk“, en hins vegar að Hilmar hefði sagst mundu hafa gert þetta, ef á hefði þurft að halda. Í lögregluskýrslunni er einnig haft eftir Sigurði, að hann hefði orðið var við það, meðan á átökunum stóð, að Gunnar fékk einhver högg í höfuðið, án þess að hann gæti séð, hver veitti högginn. Stefnandinn Gunnar kannast við, að hann hafi verið nokkuð drukkin. Hann sagði hér fyrir dómi, að einhver hefði verið með Sigurði, þegar hann réðst á hann þarna fyrir utan húsið, en hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hver það var. Hann segist aldrei hafa séð Hilmar eða mann þann, sem veittist að honum með Sigurði.

Samkvæmt lögregluskýrslu skýrði Rafn Vídalín Helgason þjónn svo frá, að hann hefði séð Hilmar slá Gunnar nokkrum sinnum í höfuðið. Hér fyrir dómi sagði þetta vitni, að bæði Sigurður og Hilmar hefðu sparkað í Gunnar. Nánar aðspurð sagðist vitnið ekki hafa þekkt Hilmar, en áréttaði, að hann hefði séð, að maður í hvítu peysu veittist að Gunnari ásamt Sigurði.

Pálmar Breiðfjörð, stjúpróðir Hildar, segist hafa séð tvo menn koma hlaupandi og ráðast á Gunnar, berja hann og sparka í hann. Hann kveður annan áráðarmanninn aðallega hafa haft sig í frammi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda Margrét Lilja hafi ráðist á hann ásamt Sigurði og Hilmari og sparkað margsinnis í höfuðið á honum, þar sem hann lá meðvitundarlítill á jörðinni í greipum Sigurðar.

Margrét Lilja neitar því með öllu, að hún hafi sparkað í Gunnar eða komið nálægt honum, enda hefði hún kannast við að hafa verið önnum kafin við að þjarma að unnustu Gunnars, á meðan átök Sigurðar og Gunnars áttu sér stað. Hún kannast við að hafa verið mikið drukkin.

Í lögregluskýrslu er haft eftir Sigurði, að hann hafi sleppt Gunnari og Gunnar reynt að rísa á fætur, en Margrét hafi sparkað í sitjandann á honum, þannig að hann féll aftur á jörðina. Hér fyrir dómi hefur hann haldið því fram, að hann hafi ekki orðið var við, að Margrét Lilja veittist að Gunnari þarna fyrir utan.

Hilmar segir, að Margrét hafi eitthvað blandað sér í þetta. Hann segist ekki vera frá því, að hún hafi sparkað í Gunnar. Um þetta efni var hann ítarlega aðspurður fyrir dóminum, og sagðist

hann þá ekki geta fullyrt, að Margrét hefði sparkað í Gunnar. Í lögregluskýrslu er haft eftir Hilmari, að hann hafi ekki séð Margréti sparka í Gunnar.

Gunnar segist hafa heyrt, að kvenmaður kallaði: „Taktu hitt augað á honum líka“.

Pálmar Breiðfjörð segist ekki hafa orðið þess var, að aðrir en Sigurður og Hilmar veittust að Gunnari, en hann segist hafa hlaupið frá, meðan átökin áttu sér stað, til að kveðja til lögreglu og kveður átökunum hafa verið lokið, þegar hann kom aftur. Í lögregluskýrslu er hins vegar haft eftir honum, að hann hafi séð Margréti sparka í Gunnar. Þegar honum var kynntur þessi framburður fyrir dóminum, sagðist hann muna, að svo hefði verið.

Rafn Vídalín Helgason segist ekki hafa séð Margréti Lilju sparka í Gunnar eða veita honum áverka, en hann kveður hana hafa eggjað karlmenina.

Vitnið Elías Bergsveinn Jónsson sjúkraliði, sem starfaði í aukavinnu á veitingahúsinu og hafði verið starfsfélagi beggja, Gunnars og Sigurðar, segist ekki muna, hvort aðrir hafi verið að skipta sér af þessu. Hann segist eitthvað muna eftir, að kvenmaður væri að skipta sér af þeim, en man ekki, hvort hún tók beinan þátt í átökunum. Eftir að lögregluskýrsla var borin undir hann, þar sem haft er eftir honum, að hann hafi séð stúlku sparka í Gunnar og heyrt hana hvetja Sigurð til að lemja Gunnar, sagði hann, að það væri rétt, að hann hefði séð stúlku sparka í Gunnar, þótt hann hefði ekki séð vel, hvernig það var.

Eins og að framan er rakið, óskaði stefnandi eftir því, að krafa yrði gerð fyrir hans hönd um greiðslu skaðabóta í sakadómi, en ríkissaksóknari heimilaði síðan, að málinu yrði lokið með dómsátt skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála og að úr bótaþætti málsins yrði leyst í þeirri úrlausn.

Þegar máli er ráðið til lykta með þessum hætti, og sökunautur samþykkir bótakröfu, og samkomulag verður um greiðslu hennar, ber skv. 146. gr. laganna að meta þann gerning sem sátt fyrir dómi. Samkvæmt þessu ákvæði þykir bera að leysa úr ágreiningi málsins að því er varðar Sigurð á sama hátt eins og gerð hefði verið sátt um málsefnið í einkamáli. Um úrlausn skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála er það þó sérstætt, að skv. 6. mgr. þeirrar greinar getur saksóknari kært til ónýtingar á ákvörðun dómara, ef sakborningur hefur verið látinn gangast undir fjarstæð málalok. Með því að fara fram á, að krafa yrði gerð fyrir sína hönd til greiðslu bóta við úrlausn refsímálsins, þykir stefn-

andi hafa undirgengist, að leyst yrði úr bótakröfu hans með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir og venja er til, þannig að hann yrði bundinn af þeim úrlausnum. Þykir hann þannig hafa orðið bundinn af sátt þeirri, sem gerð var í sakadómi, á sama hátt og sátt hefði verið gerð í einkamáli milli aðiljanna.

Dómssátt er bindandi sem samningur og verður almennt ekki hnekk, nema á henni séu gallar, sem eigi að leiða til, að hún verði metin ógild. Þeirri málsástæðu hefur ekki verið hreyft beinlínis í málinu, að umrædd sátt sé ógild, og ekkert hefur komið fram, sem gefur til kynna, að svo sé. Þykir af þeim sökum bera að sýkna stefnda Sigurð af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, hlýtur að liggja mjög sterkur grunur á, að stefndu Margrét Lilja og Hilmar hafi tekið þátt í árásinni á stefnanda ásamt stefnda Sigurði. Hins vegar er ljóst, að þau eiga hvorugt sök á þeim áverka, sem stefnandi hlaut á vinstra auga, en meginhluti tjónsins virðist vera tengdur þeim áverka. Þá virðist ljóst, að stefnandi hafi verið búinn að fá atvinnumissi bættan fyrirfram frá vinnuveitanda sínum, en þegar þessara atriða er gætt svo og þess mats á tjóninu, sem fram kemur í sáttinni við Sigurð, þykir verða að telja, að stefnandi hafi þegar fengið allt það tjón bætt, sem stefndu Margrét Lilja og Hilmar Þór kynnu að hafa bakað honum, en eftir atvikum þykir málskostnaður milli stefnanda og stefndu Margrétar Lilju og Hilmars Þórs eiga að falla niður.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 þykir stefnanda bera að greiða stefnda Sigurði málskostnað. Málskostnaðarkrafa stefnda Sigurður hefur ekki sætt andmælum sérsaklega að því er varðar fjárhæð, og ekki þykir hún sýnilega ósanngjörn, og þykir þá bera að taka hana til greina að fullu. Samkvæmt því ber stefnanda að greiða stefnda Sigurði 175.420 kr. í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Stefánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Leifsson, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars D. Jones.

Stefnandi greiði stefnda Sigurði 175.420 kr. í málskostnað, en málskostnaður fellur niður milli stefnanda og stefndu Hilmars Þórs og Margrétar Lilju.

Greiðsla fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.